

Nefndasvið Alþingis  
Velferðarnefnd  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík, 2. mars 2018

**Umsögn Nýs Landspítala ohf. um tillögu til þingsályktunar um óháða, faglega staðarvalsgreiningu fyrir nýtt þjóðarsjúkrahús, þingskjal 155 - 88. mál.**

*Ákvarðanir og staða Hringbrautarverkefnisins*

Ákvörðun um staðsetningu nýs Landspítala við Hringbraut í Reykjavík á sér alllanga forsögu allt frá ári eftir sameiningu Landspítala og Sjúkrahúss Reykjavíkur um síðustu aldamót.

Tímalína og áfangar hvers ákvörðunarverkefnis eru hér skýrðir út í stuttu máli, en þeir helstu eru:

- Árið 2001 leggja dönsku ráðgjafarnir Ementor fram skýrslu um framtíðarþróun Landspítala. Þeirra mat er að húsnæði Landspítala sé of lítið og það þurfi að vera 120 þ. m<sup>2</sup> fyrir starfsemi sem er á Hringbraut og í Fossvogi. Húsnæðið er nú um 90 þ. m<sup>2</sup>.
- Árið 2001 leggja sænsku ráðgjafarnir White arkitektar fram tillögur að uppbyggingu Landspítala á Hringbraut, í Fossvogi og á Vífilstöðum. Þeirra mat er að nauðsynlegt húsnæði fyrir starfsemina sé 144 þ. m<sup>2</sup>
- Árið 2001 leggur VSÓ ráðgjöf fram mat á kostnaði við mismunandi uppbyggingartillögur White arkitekta, bæði stofnkostnað og söluandvirði eigna sem losna.
- Árið 2002 leggur starfsnefnd heilbrigðisráðuneytisins, undir forystu Ingibjargar Pálmadóttur til að sameinaður Landspítalíháskólasjúkrahús verði með megin starfsemi á Hringbraut og starfsemi í Fossvogi flutt þaðan.
- 2005 er haldin alþjóðleg arkitektasamkeppni um stækkun Landspítala á Hringbraut. Hlutskarpastir eru dönsku arkitektarnir C.F.Möller ásamt samstarfsaðilum frá Noregi og Íslandi.
- Árið 2008 breytast forsendur og verkefnið er sett í endurskoðun. Nefnd um fasteignir, nýbyggingar og aðstöðu heilbrigðisstofnana, undir forystu Ingu Jónu Þórðardóttur skilar álitni sínu. Rökin fyrir staðsetningu við Hringbraut enn í gildi að mati nefndarinnar.
- Árið 2009 skila norsku ráðgjafarnir Momentum og Hospitalitet skýrslu um húsnæðismál Landspítala og bera saman valkosti. Þeirra mat er að það sé dýrara til lengdar að gera ekkert í húsnæðismálum Landspítala. Unnið er að gerð alþjóðlegra forvals- og samkeppnisgagna.
- Árið 2010 er alþjóðleg samkeppni um frumhönnun stækkunar Landspítala við Hringbraut. Íslenska teymið Spital er hlutskarpast en með þeim eru reynslumiklir sjúkrahúshönnuðir frá Noregi. Ákveðið er að byggja á notendastuddri hönnun, með aðkomu hundruðum starfsmanna LSH.
- 2010 eru lög um nr. 64/2010 byggingu nýs Landspítala við Hringbraut samþykkt samhljóða á Alþingi.
- Árið 2012 er lögð fram tillaga að nýju deiliskipulagi sem byggir á verðlaunatillögunni frá 2010. Húsnæði Landspítala fyrir starfsemi á Hringbraut og í Fossvogi er 132 þ.m<sup>2</sup> skv



tillögumni, 76 þ.m<sup>2</sup> nýtt húsnæði og 56 þ.m<sup>2</sup> eldra húsnæði sem er nýtt áfram. Það er í góðu samræmi við mat erlendra ráðgjafa sem komu að málinu á árinu 2001.

- Árið 2013 eru allar skipulagsáætlanir, svæðaskipulag höfuðborgarsvæðisins, aðalskipulag Reykjavíkur og deiliskipulag Hringbrautarsvæðisins samþykktar skv. lögum. Engar kærur berast. Forhönnun bygginga, 20-25% hönnun, liggur fyrir.
- 2013 eru samþykktar samhljóða á Alþingi breytingar á lögum nr. 64/2010 sem færa verkið undir lög um skipan opinberra framkvæmda nr. 84/2001.
- Alþingi veitir fjárheimild í fjárlögum til að hefja fullnaðarhönnun Sjúkrahótel.
- Hagfræðistofnun Háskóla Íslands gerir árið 2014 sjálfstæða úttekt á verkefninu og metu verkefnið ábatasamt frá þjóðhagslegu sjónarhorni.
- 2014, þingsályktun samþykkt á Alþingi um áframhaldandi framgang verkefnis.
- Árið 2015 liggur fyrir fullnaðarhönnun Sjúkrahótel og fullnaðarhönnun meðferðarkjarna getur hafist skv. fjárlögum ársins 2015. Verkframkvæmd á sjúkrahótel hefst í nóvember 2015.
- Á árinu 2016 hófst m.a. rýni á forhönnun rannsóknahúss. Unnið að byggingu sjúkrahótel og fullnaðarhönnun meðferðarkjarna í samræmi við heimildir fjárlaga ársins.
- Í samræmi við fjárheimildir fjárlaga ársins 2017, er viðhaft forval fullnaðarhönnunar vegna Rannsóknahúss. Rýni á bílastæða-, tækni- og skrifstofuhúsi hefst. Unnið að byggingu sjúkrahótel og fullnaðarhönnun meðferðarkjarna ásamt verkhönnunar á verkefni gatna, veitna og lóðar til undirbúnings útboðs.
- Í samræmi við fjárheimildir Alþingis ársins til Hringbrautarverkefnisins, 2.791 mkr er unnið að samningsverkefnum. Hönnun stendur yfir í nokkrum verkhlutum. Sjúkrahótel verður tekið í notkun 2018. Sótt er um heimild til útboðs fullnaðarhönnunar rannsóknahúss og hefja verklegar framkvæmdir við meðferðarkjarna, götur, veitur og lóð.



Stefnuyfirlýsing ríkisstjórnar var birt 30. nóvember 2017 í henni segir „*Framkvæmdir við nýjan meðferðarkjarna Landspítala munu hefjast næsta sumar (2018)*“. NLSH ohf. leitar ávallt heimilda heilbrigðisráðherra til áframhaldandi verka jafnt sem ávallt er leitað heimilda samstarfsnefndar um opinberar framkvæmdir sbr. lög nr. 84/2001. Fjárlög hverju sinni skapa fjárheimildir frá Alþingi. Fjárlög ársins 2018 boða áframhaldandi framgang verkefnis, við Hringbraut.

Þess má geta að ríkisfjármálaáætlun Alþingis 2016-2019, fjármálaáætlun 2017-2021, fjármálaáætlun 2018-2022 hafa verið í takt við áætlanir í Hringbrautarverkefninu. Næsta fjármálaáætlun 2019-2023 birtist á vormánuðum 2018.

### *Stærsta notendastudda hönnunarverkefni Íslandssögunnar*

Notendur leika stórt hlutverk, en notendur nýbygginga eru að mestu leyti starfsfólk Landspítala og Háskóla Íslands. Sjúklingar og aðstandendur þeirra koma einnig að sínum sjónarmiðum. NLSH ohf. hefur í samstarfi við Landspítala, Háskóla Íslands og Framkvæmdasýslu ríkisins viðhaft virkt samráðshópakerfi. Notendastudd hönnun tekur vissulega meiri tíma en ella, en rýni notenda hefur verið mikilvægur þáttur í Hringbrautarverkefninu. Niðurstöður Landspítala úr 3P vinnustofum og endurmati verkferla með LEAN aðferðafræðinni hafði í för með sér uppfærslu forhönnunar sem er í senn eðlilegt og æskilegt ferli þegar um er að ræða sibreytilegt starfsumhverfi.



### *Hvað skipti máli þegar Hringbraut var ákveðin?*

Í ljósi gagnrýni sem komið hafði fram á staðarvalið óskaði heilbrigðisráðherra árið 2015 að fela NLSH ohf. að láta framkvæma óháða sköðun og rýni á þeim gögnum og staðreyndum sem komið höfðu fram á árum áður. KPMG var falið verkefnið. Verkefni KPMG var að leggja sjálfstætt og óháð mat á það hvort Hringbraut sé besti kostur með tilliti til hagkvæmni og annarra helstu áhrifaþátta miðað við þær upplýsingar sem fyrir lágu. Verkefnið var sköðað út frá helstu gagnrýnisatriðum sem fram höfðu komið á skipulagsmál, byggingarkostnað, rekstrarkostnað, kostnað við fólksflutninga og umferðarálag. Í skýrslu KPMG varpað ljósi á það hvort ástæða væri til þess að breyta út af þeirri ákvörðun að byggja nýjan Landspítala við Hringbraut. Niðurstaða KPMG var skýr. KPMG taldi að ef svo ætti að vera þá þyrftu til þess afgerandi rök sem gera aðra staðsetningu mun betri eða hagkvæmari. Að mati KPMG var niðurstaðan að ekki væri tilefni til að breyta fyrirbyggjandi ákvörðun um að byggja nýjan spítala við Hringbraut.

NLSH ohf. tekur undir niðurstöðu KPMG og vísar í fylgiskjali til skýrslu KPMG (31.08.2015) í viðauka.

Að mati NLSH ohf. liggja nokkur meginatriði til grundvallar þeirri niðurstöðu sem sérfræðingar hafa á liðnum árum samhljóma komist að:

- Stofnkostnaður - Stofnkostnaður nýbygginga lægstur á Hringbraut. Byggingakostnaður lægstur af þeim kostum sem rýndir voru. Hægt er að nýta mannvirki sem fyrir eru og byggja nýjan spítala sem viðbót í áföngum.
- Sparnaður í rekstri, en það er dýrt fyrir samfélagið að reka tvö bráðasjúkrahús í Reykjavík. Metið af norskum sérfræðingum að árlegur sparnaður yrði ca 6% af rekstrarkostnaði ef valið yrði að byggja við Hringbraut. (ca 3 milljarðar árlega). Ef allt er byggt nýtt yrði árlegur rekstrarsparnaður 7%. Núvirðisútreikningar sýna að rétt er að ráðast uppbyggingu á Hringbraut strax. Kostnaðarþættir voru metnir af norskum ráðgjafafyrirtækjum, Hospitalitet og Momentum.

- Samgöngur sjúklinga og starfsmanna. 2/3 af bráðastarfsemi LSH eru fyrir á lóðinni og því felur flutningur á 1/3 starfseminnar þangað í sér lágmarks röskun og stystan tíma við að sameina starfsemina á einn stað. Hringbrautin liggur vel að almenningsamgöngum.
- Nálægð við háskóla- og vísindaumhverfið í Vatnsmýrinni. Nálægð við Háskóla Íslands og fyrirhugaða uppbyggingu heilbrigðisvísindasviðs á svæðinu. Möguleikar á frekari uppbyggingu á svæðinu, bæði fyrir spítalann og Háskóla Íslands.
- Hversu tímafrekt verkefnið er. Opinberlega hefur komið fram að það er mat Framkvæmdasýslu ríkisins, Skipulagsstofnunar að byggja á öðrum stað muni seinka framkvæmdum við Nýjan spítala um a.m.k. 10-15 ár miðað við núverandi áætlanir við Hringbraut.
- Aðrir þættir sem hafa verið nefndir eru t.d. afleiddur kostnaður samfélagsins, flugvöllurinn og borgarskipulagið, en skipulagið við Hringbraut fellur vel að skipulagi og framtíðarmynd miðborgar Reykjavíkur sbr. umfjöllun og afgreiðslu deiliskipulags.

Að lokum vill NLSH ohf. benda á að allt frá aldamótum hafa átta ríkisstjórnir fjallað um Hringbrautarverkefnið, jafnt sem á fjórða hundrað þingmenn hafa komið að umfjöllun um lög og þingsályktanir sem tengjast verkefninu. Aldrei hafa verið greidd atkvæði mót áformum um áframhaldandi uppbyggingu við Hringbraut. NLSH ohf. telur því í ljósi forsögunnar og þeirra stöðu sem Alþingi hefur markað verkefninu á liðnum árum með skýrri afgreiðslu sinni og núverandi samningum NLSH ohf. sem fyrir liggja um uppbygginguna að þingsályktunartillaga í þingskjali 155, 88. máli, sé varhugaverð.



Skóflustunga sjúkrahótelis 11.11.2015  
nú fv. heilbrigðisráðherrar viðstaddir

*Virðingarfyllst,  
f.h. NLSH ohf.*

*Gunnar Svavarsson, framkvæmdastjóri*

*Viðauki:*

*Skýrsla KPMG 31.08.2015 - Forsendur og hagkvæmni þess að staðsetja nýjan spítala við Hringbraut*

<https://www.stjornarradid.is/media/velferdarraduneyti-media/media/frettatengt2015/Landspitali-ryni-KPMG-20150831.pdf>